

Ár 2014, fimmtudaginn 30. október, kl. 15.30, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu KSÍ, Laugardal, af Jóhannesi Albert Sævarssyni, Guðmundi Þórðarsyni, og Herði Felix Harðarsyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 5/2014

Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

Dómur

I

Mál þetta dæma Jóhannes Albert Sævarsson, Guðmundur Þórðarson og Hörður Felix Harðarson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp 8. október 2014 þar sem Kassim Doumbia, leikmaður meistaraflokks FH, var úrskurðaður í 4 leikja bann.

Tilkynning um áfrýjun barst skrifstofu KSÍ 14. október 2014 og gerir áfrýjandi þær kröfur aðallega að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felld úr gildi og Kassim Doumbia sýknaður en til vara að leikbann verði stýtt.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði

Af hálfu áfrýjanda hefur þess verið krafist að málið verði munnlega flutt og teknar verði skýrslur af aðilum og vitnum. Samkvæmt grein 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dóminn. Þá er kveðið á um að vitna- og aðilaskýrslur skuli ekki fara fram. Þó er mælt fyrir um heimild dómsins til að víkja frá þessum reglum þegar sérstaklega stendur á. Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn ekki efni til að víkja frá tilgreindum meginreglum.

II

Helstu málavextir eru þeir að 4. október 2014 fór fram leikur FH og Stjörnunnar í Pepsi-deild karla á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði. Samkvæmt skýrslu dómara leiksins veittist Kassim Doumbia að dómurum eftir að flautað hafði verið til leiksloka. Er háttsemi leikmannsins lýst

svo í skýrslunni að hann hafi virst stjórnlaus af reiði og hafi þurft öryggisverði og samherja leikmannsins til að halda honum frá dómurum. Hafi leikmaðurinn auk þess haft uppi svívirðingar og mjög grófar aðdróttanir í garð dómarateymisins og dómara hafi talið stafa hættu af honum. Í leikskýrslu kemur fram að leikmanninum hafi verið vikið af leikvelli á 96. mínútu leiksins. Sambærilega lýsingu á hegðun leikmannsins er að finna í skýrslu eftirlitsmanns um framkvæmd leiksins en þar kemur fram að leikmanninum hafi verið vikið af leikvelli að leik loknum fyrir meiðandi orðbragð og ofsafengna framkomu í garð dómarateymisins.

Skýrsla dómarsins var tekin fyrir á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 8. október 2014 og var Kassim Doumbie úrskurðaður í fjögurra leikja bann.

III

Áfrýjandi byggir aðalkröfu um að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felld úr gildi á því að leikmanninum hafi ekki verið sýnt rautt spjald né verið gefið til kynna með öðrum hætti að honum hafi verið vikið af leikvelli. Telur áfrýjandi að nauðsynlegt hefði verið að gefa leikmanninum til kynna að honum hafi verið vísað af leikvelli og vísar um það efni m.a. til ákvæðis 12. gr. knattspyrnulaganna. Þá vísar áfrýjandi einnig til þess að skráning í leikskýrslu dómara að leik loknum breyti hér engu um enda hafi dómari einungis vald til að grípa til agarefsinga frá þeirri stundu sem hann kemur inn á leikvöllinn og þar til hann fer af leikvöllinum eftir að hafa flautað til leiksloka, sbr. 4. mgr. 12. gr. knattspyrnulaganna.

Varakrafa áfrýjanda um að leikbann verði styttr er reist á því að hegðun leikmannsins í umræddu tilviki hafi ekki verið ógnandi. Telur áfrýjandi að lýsingar í skýrslu dómara og eftirlitsmanns með framkvæmd leiksins á hegðun leikmannsins séu ekki réttar. Er þar meðal annars vísað til þess að því sé ranglega lýst að leikmaðurinn hafi farið að dómurum leiksins enda hafi hann verið stöðvaður „á leið sinni í átt að dómara leiksins“. Hugleiðingar dómara um hættuástand séu því rangar. Þá er vísað til þess að leikmaðurinn hafi aldrei beitt nokkurn mann ofbeldi og hafi það ekki staðið til í þessu tilviki.

Því er ekki andmælt af áfrýjanda að leikmaðurinn hafi verið reiður en ástæða hafi verið til þar sem dómurum leiksins hafi orðið á alvarleg mistök sem hafi haft slæmar afleiðingar fyrir leikmanninn og áfrýjanda. Þá telur áfrýjandi ósannað hvaða orð leikmaðurinn lét falla í garð dómarateymisins enda komi ekkert fram um það í skýrslu dómarsins. Upplýsa verði um orðbragðið til að unnt sé að meta hvort refsingin hæfi orðbragðinu. Telur áfrýjandi að ekki séu efni til að ákvarða refsingu umfram tveggja leikja bann sem leiða má af ákvæði 13.1.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

IV

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða um atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara. Samkvæmt skýrslu dómara leiksins og eftirlitsmanns með framkvæmd leiksins var Kassim Doumbie vikið af leikvelli vegna stjórnlausrar og ógnandi hegðunar í garð dómara eftir að leik lauk. Af ákvæðum 5. og 12. gr. knattspyrnulaga er ljóst að dómara er heimilt að vísa leikmanni af leikvelli þótt leik sé

lokið. Notkun gulra og rauðra spjalda er að mati dómsins táknað leið til að gefa leikmanni til kynna að hann hafi verið beittur agaviðurlögum en ekki forsenda þess að leikbanni verði beitt á grundvelli reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Verður skýrsla dómara leiksins um agaviðurlögin lögð til grundvallar í málinu og aðalkröfu áfrýjanda hafnað.

Í málinu liggur fyrir að um aðra brottvísun leikmannsins var að ræða á sama keppnistímabili. Samkvæmt ákvæði 13.1.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal leikmaður sjálfkrafa sæta tveggja leikja banni við aðra brottvísun. Samkvæmt ákvæði 13.1.4. skal refsa leikmanni með leikbanni allt að 6 leikjum ef honum er vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlegan grófan leik eða aðra óíþróttamannslega framkomu. Af niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar er ljóst að til þessara tveggja ákvæða var litið þegar ákveðið var að leikmaðurinn skyldi sæta fjögurra leikja banni.


Með vísan til þeirra meginregla sem áður er getið um sönnunarfærslu fyrir dómstólnum verður skýrsla dómara um háttsemi leikmannsins lögð til grundvallar í málinu. Af þeirri skýrslu er ljóst að dómari leiksins taldi hegðun leikmannsins stjórnlaus og ógnandi gagnvart dómurum leiksins, þannig að hætta stafaði af, auk þess sem leikmaðurinn hafi haft uppi svívirðingar og grófar aðdróttanir í garð dómarateymisins.

Að framansögðu virtu er fallist á það með aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að háttsemi Kassim Doumbia í umræddum leik hafi verið með þeim hætti að rétt sé að hann sæti fjögurra leikja banni.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.


Johannes Albert Sævarsson


Guðmundur Þórðarson


Hörður Felix Harðarson